

Alþingi
Erindi nr. P 140/638
komudagur 5.12.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og
viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 2011

1111018 GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. til br. á varnarmálalögum og tekjustofnalögum, 203. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. október 2011, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Beðist er velvirðingar á því að ekki reyndist unnt að svara erindinu innan tilskilins frests vegna mikils annríkis.

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu er lögð til þrenging á undanþáguákvæði í 21. gr. varnarmálalaga, nr. 34/2008. Ef frumvarpið verður að lögum verður rekstraraðila ratsjárstöðva á Miðnesheiði, Stokksnesi, Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli skylt að greiða fasteignaskatt af þeim mannvirkjum sem metin eru í fasteignamati á þessum stöðum. Núverandi rekstraraðili er Landhelgisgæslan.

Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er þessi lagabreyting tímabær og eðlileg í ljósi þeirrar stefnu sem ríki og sveitarfélög hafa verið sammála um, sem er að fækka eins og frekast getur orðið undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts. Þessi stefna var í raun lögfest með breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga árið 2005, sbr. lög nr. 140/2005. Með þeim lögum var búinn til nýr gjaldflokkur fasteignaskatts fyrir ýmsar opinberar eignir, t.d. skólahúsnæði, sjúkrastofnanir, íþróttahús og bókasöfn.

Til grundvallar fyrrgreindri lagabreytingu lá ítarleg greining á undanþágum frá fasteignaskatti sem þá voru í gildi. Niðurstaðan varð að undanþágum skv. 5. gr. laganna yrði fækkað verulega. Samstaða varð þó um að viðhalda þeim undanþágum sem taldar eru upp í 5. gr., þ.e. vegna kirkna og bænahúsa, safnahúsa sem ekki eru rekin í ágóðaskyni og húsa erlendra ríkja sem falla undir alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Áfram voru einnig í gildi nokkrar undanþágur frá fasteignaskatti á grundvelli sérlaga, m.a. um norrænt samstarf á ýmsum sviðum. Heildarsýnin með lögunum var þó alveg skýr, þ.e. að sterk rök þyrftu ávallt að vera fyrir því að viðhalda undanþágum frá fasteignaskatti.

Eins og rakið er í skýringum við það frumvarp sem hér er til umsagnar hafa orðið verulegar breytingar á stöðu ratsjárstöðva og eru rök fyrir því að viðhalda undanþágu frá álagningu fasteignaskatts afar veik. Sambandið fagnar því frumkvæði flutningsmanna frumvarpsins og leggur eindregið til að frumvarpið verði að lögum. Sambandið telur þó rétt að setja fram fáeinar



ábendingar við efnisgreinar frumvarpsins til frekari skoðunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr.

Sambandið telur rétt að efnahags- og viðskiptanefnd skoði sérstaklega hvort gengið er nógu langt í 1. gr. frv., þ.e. að farið verði sérstaklega yfir hvort þrenging undanþágu 21. gr. varnarmálalaga þurfi ekki að ná yfir fasteignaskatt og önnur gjöld til sveitarfélaga. Í því sambandi þyrfti einkum að skoða hvort rekstraraðili greiðir lögboðin gjöld vegna útgáfu leyfa, t.d. byggingar- og framkvæmdaleyfa, og fyrir þjónustu sem sveitarfélag veitir, svo sem fyrir meðhöndlun úrgangs, vatnsgjald og fráveitugjald, ef við á.

Um 2. gr.

Eins og frumvarpsgreinin er orðuð verður að álíta að ratsjárstöðvar verði eftirleiðis skattlagðar í c-flokki, þ.e. eins og almennt atvinnuhúsnæði.


Að áliti sambandsins kemur vel til álita að gera þá breytingu á frumvarpinu að ratsjárstöðvar verði felldar undir b-lið 3. mgr. 3. gr. tekjustofnalaga, sem hefði í för með sér að álagningarhlutfall á þær fasteignir sem metnar eru í fasteignamati yrði 1,32% en ekki yrði heimilt að leggja álag á þær eignir eins og heimilt er varðandi almennt atvinnuhúsnæði, á grundvelli 4. mgr. sömu greinar. Að áliti sambandsins væri sú flokkun í samræmi við þær grundvallarbreytingar sem lögfestar voru með lögum nr. 140/2005, um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Stefna sambandsins um álagningu fasteignaskatts

Til upplýsinga skal þess getið að í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2011 til 2014 er kveðið á um að könnuðverði áhrif þess að fella niður allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts og öll mannvirki verði metin til fasteignamats.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri